



fimmtudagur, 11. janúar 2024

USK23110185

Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Efni:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um skipulag í Mjódd, sbr. 33. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 15. nóvember 2023.

Vísad til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa. USK23110185

Lagt er til að Reykjavíkurborg annist sjálf skipulagsgerð í Mjódd (M12) og að svæðið verði skipulagt í heild sinni eftir því sem unnt er. Jafnframt er lagt til að efnt verði til opinnar samkeppni um skipulag svæðisins í samvinnu við Arkitektafélag Íslands.

Svar: Unnið er að skipulagi fyrir svæði sem nær yfir svokallaða Norður Mjódd þ.e. á svæði sem nær frá Álfabakka að Stekkjarbakki í norðri þar sem m.a. er gert ráð fyrir íbúðum og fjölbreyttri þjónustu á jarðhæðum næst Álfabakka. Enn sem komið er þá liggja ekki fyrir áform eða ákvarðanir um að ráðast í skipulagsvinna á svæðinu sem nær frá Álfabakka að Breiðholtsbraut en eignarhald á því svæði og lóðasamningar eru fjölbreyttir og flóknir. Ef vinna á nýtt skipulag fyrir umrætt svæði þá verður það ekki gert nema í samráði við hagaðila á svæðinu og grunni samkomulags um alla helst þætti skipulagsins svo og innviða og annan kostnað. Að því sögðu er ekki tímabært að ákveða fyrirkomulag og/eða samkeppni um skipulag á umræddu svæði.

Björn Axelsson